



Reykjavík, 26. apríl 2017

Tilkynning um áframhaldandi eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Eiginfjárouki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki

Hinn 1. mars 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, sbr. 86. gr. c laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.¹ Frá og með 1. apríl 2016 hafa því kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki viðhaldið 2% eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis. Eiginfjároukanum hefur einnig verið viðhaldið á samstæðugrunni og hefur hann tekið til allra áhættuskuldbindinga.

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. c laga um fjármálafyrirtæki skal endurskoða ákvörðun um að setja eiginfjároukann á og gildi hans árlega og til samræmis við það óskaði Fjármálaeftirlitið eftir aðkomu fjármálastöðugleikaráðs. Hinn 10. apríl 2017 beindi fjármálastöðugleikaráð tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki viðhaldi áfram eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis.

Á fundi fjármálastöðugleikaráðs hinn 6. apríl 2017 staðfesti ráðið að Arion banki hf., Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. teldust áfram kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðilar, sbr. d-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 66/2014 um fjármálastöðugleikaráð, en við staðfestingu ráðsins var, sem fyrr, stuðst við aðferðafræði sem byggir á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.² Samkvæmt skilgreiningu fjármálastöðugleikaráðs á kerfislega mikilvægum eftirlitsskyldum aðilum teljast því Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. áfram kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.

Með vísan til tilmæla fjármálastöðugleikaráðs tilkynnist hér með að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. mars 2016 um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki gildir áfram óbreytt. Skulu því kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki áfram viðhalda 2% eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis. Eiginfjároukanum skal jafnframt áfram viðhaldið á samstæðugrunni og skal hann áfram taka til allra áhættuskuldbindinga fjármálafyrirtækjanna.

Sveiflujöfnunarauki

Hinn 1. mars 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um sveiflujöfnunarauka í samræmi við 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki.³ Frá og með 1. mars 2017 hafa því

¹ Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 22. janúar 2016.

² Guidelines on the criteria to determine the conditions of application of Article 131(3) of Directive 2013/36/EU (CRD) in relation to the assessment of other systemically important institutions (O-SIIs) (EBA/GL/2014/10).

³ Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 22. janúar 2016.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

fjármálafyrirtæki viðhaldið 1% sveiflujöfnunarauka nema þau sem eru undanskilin aukanum. Eiginfjárukanum hefur einnig verið viðhaldið á samstæðugrunni og hefur hann tekið til innlendra áhættuskuldbindinga. Hinn 1. nóvember 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunaraukans í 1,25% og mun hækkunin taka gildi hinn 1. nóvember 2017.⁴

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki ber fjármálastöðugleikaráði að endurskoða gildi sveiflujöfnunarauka ársfjórðungslega. Hinn 10. apríl 2017 beindi fjármálastöðugleikaráð tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um óbreyttan sveiflujöfnunarauka.

Eins og gert er ráð fyrir samkvæmt 2. mgr. 136. gr. tilskipunar 2013/36/ESB lítur fjármálastöðugleikaráð í tilmælum sínum til frávíks skuldahlutfalls frá langtímaleitni við mat á gildi sveiflujöfnunaraukans. Fjármálastöðugleikaráð lítur, sem fyrr, einnig til fleiri vísa í rökstuðningi sínum en frávíks skuldahlutfalls frá leitni, s.s. skuldavaxtar heimila og fyrirtækja, stöðu fjármálasveiflunnar og þróunar húsnæðisverðs.

Með vísan til tilmæla fjármálastöðugleikaráðs tilkynnist hér með að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. nóvember 2016 um 1,25% sveiflujöfnunarauka gildir áfram óbreytt. Aukinn skal áfram taka til innlendra áhættuskuldbindinga allra fjármálafyrirtækja, bæði hvers fyrir sig og á samstæðugrunni, nema þau sem eru undanskilin aukanum samkvæmt 4. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki. Við útreikning eigin fjár sem viðhalda skal ber að líta til vegins meðaltals sveiflujöfnunarauka hér á landi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við hlutdeild áhættuskuldbindinga í hlutaðeigandi ríkjum, sbr. 3. mgr. 86. gr. d sömu laga.⁵

⁴ Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 30. september 2016.

⁵ Fjármálaeftirlitið mun setja nánari reglur um útreikning sveiflujöfnunarauka í samræmi við tæknilega eftirlitsstaðla (ESB) nr. 1152/2014 og 2015/1555, sbr. umræðuskjöl nr. 4/2016 og 6/2016 sem birt eru á vef stofnunarinnar.